

10. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018- 2022

Fundurhaldinn í félagsheimili Hrunamanna, 2. apríl 2020 kl. 20:00

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Aron Nökkvi Ólafsson form., Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir

Gönguferðir í Hrunamannahreppi

Kolbrún Haraldsdóttir og Helgi Már Gunnarsson höfðu samþykkt að taka að sér skipulagningu og utanumhald gönguferða sumarsins 2020. Farið var yfir drög af þeim 8 göngum sem Kolbrún og Helgi lögðu til. Göngurnar voru skipulagðar með það í huga að ekki yrði gengið sömu leiðir árlega, heldur yrðu aðrar leiðir gengnar en árin áður.

Nefndin samþykkti allar göngur og verða ferðirnar auglýstar í maí Pésanum. Kolbrún og Helgi ætla að hafa samband við landeigendur.

27.maí Hrepphólar-Hólahnjúkar
3.júní Bryðjuholt-Ásaganga
10.júní Langholtsfjall-Tæpistígur-Álfaskeið
18.júní Svartárgljúfur-Tungufellsskógur
24.júní Laugar-Gildurhagi
1.júlí Berghylur-Grænimúli-Djúpidalur
18.júlí Fosslækur-Ábóti-Svínárnes
29.ágúst Stóra-Laxárgljúfur

Mögulega verður bætt við einni göngu inn í heilsvikuna.

Ljósmyndasamkeppni

Í fyrra var haldin ljósmyndasamkeppni á vegum nefndarinnar. Þrátt fyrir minni þáttöku en vonast var til verður keppnin haldin aftur í ár með nokkrum breyttum áherslum. Rætt var um keppnina í grófum dráttum. Stefnt verður á að halda keppnina fyrr.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 21:00

Fundarritari
Aron Nökkvi Ólafsson